

Viðauki III

Breytingar á viðeigandi köflum samantekta á eiginleikum lyfs og fylgiseðla

A. Samantekt á eiginleikum lyfs

4.1 Ábendingar

[eyða skal samþykktu ábendingunum hér að neðan (sértæk orðanotkun um ábendingar getur verið mismunandi eftir vörum)]

- Einkenameðferð við langvinnri meinafræðilegri skerðingu á vitsmunum og skyntaugum hjá öldruðum (að undanskildum Alzheimerssjúkdómi og öðrum vitglöpum)
- Stuðningsmeðferð við heltiköstum í teppusjúkdómi í slagæðum útlíma (peripheral arterial occlusive disease) með einkennum (II. stigs PAOD)
- Stuðningsmeðferð við Raynaud-heilkenni
- Stuðningsmeðferð við minnkandi sjónskerpu og truflunum á sjónsviði, líklega með upptök í æðum
- Bráðir sjónukvillar með upptök í æðum
- Forvörn gegn mígrenishöfuðverk

Eyða skal öllum tilvísunum í ofangreindar ábendingar úr viðeigandi köflum, sem eftir eru, í samantektum á eiginleikum lyfs.

B. Fylgiseðill

Eyða skal öllum tilvísunum í ofangreindar ábendingar úr viðeigandi köflum í fylgiseðlum.